



18. maí 2021

Endurskoðun og uppfærð aðferð við birtingum á víðu peningamagni (M3)

Seðlabankinn hefur um árabíl birt útreikninga á peningamagni með tvennum hætti. Annars vegar er um að ræða peningamagn sem byggir á gögnum líkt og þau berast frá skilaaðilum hverju sinni og eru birt í hagtölum á heimasíðu bankans. Hins vegar er um að ræða peningamagn sem birt hefur verið í Hagvísun og Peningamálum þar sem leiðrétt er fyrir skipulagsbreytingum á fjármálamarkaði og breytingum á aðferðafræði í þeim tilgangi að búa til sambærileg gögn yfir langan tíma.


Seðlabankinn hefur nú endurskoðað útreikning á víðu peningamagni. Breytingarnar eru af tvennum toga. Annars vegar er birting og framsetning bankans á peningamagni M3 samræmd þannig að einungis er birt peningamagn þar sem leiðrétt hefur verið fyrir brotum í tímaröðum vegna skipulagsbreytinga á fjármálamarkaði. Hins vegar er ný gagnaröð birt sem ber heitið „M3+“ sem er M3 að viðbættum hlutdeildarskírteinum peningamarkaðssjóða og stuttum skuldabréfum innlánsstofnana. Með þessum breytingum eru gögn peningamagns að fullu í samræmi við aðferðafræði sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn¹ mælir með. Tímaraðir hafa verið endurreiknaðar aftur til ársins 2008.

Vítt peningamagn (M3) verður því eftirleiðis birt á tvo vegu:

- M3
- M3+: M3 að viðbættum hlutdeildarskírteinum peningamarkaðssjóða og stuttum skuldabréfum innlánsstofnana.

Áhrif breytinganna má sjá á meðfylgjandi línuriti.

¹ *Monetary and Financial Statistics Manual and Compilation Guide (International Monetary Fund, 2016).*



Í sumum tilfellum á peningamagn að endurspeglar breytingar á skipulagi á fjármálamarkaði. Í öðrum tilfellum er eðli skipulagsbreytinganna þannig að leiðrétta þarf peningamagn fyrir áhrifum þeirra. Breytingar sem gerðar eru nú til að leiðrétta peningamagn fyrir brotum í tímaröðum vegna skipulagsbreytinga á fjármálamarkaði hér á landi eru eftirfarandi:

- **Innlán slitabúa innlánsstofnana:** Innlán innlánsstofnana teljast ekki til peningamagns samkvæmt skilgreiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á peningamagn. Við fjármálahrunið 2008 voru stærstu innlánsstofnanir landsins teknar til slitameðferðar eftir að Fjármálaeftirlitið (FME) hafði tekið þær yfir og að lokum afturkallað starfsleyfi þeirra. Þar með töldust þær ekki lengur til innlánsstofnana í lagalegum skilningi. Staðall AGS tekur á stöðu slitabúa. Þar er gert ráð fyrir að slitabú innlánsstofnana séu áfram hluti af innlánsstofnanageiranum þar til þau hafa verið leyst upp eða farið í gegnum nauðasamningaferli. Því eiga innlán slitabúa ekki að teljast til peningamagns. Til viðbótar eru innlán slitabúanna ekki aðgengileg til annarra nota en greiðslu til kröfuhafa sem í tilfalli Íslands eftir fjármálahrunið hafa að mestu verið erlendir aðilar og greiðast því úr landi.
- **Innlán opinberra aðila:** Undir lok síðasta árs endurskilgreindi Hagstofa Íslands geiraflokkun tiltekinna stofnana og fyrirtækja sem heyra undir hið opinbera. Innlán aðila sem eftir endurflokkun Hagstofunnar eru skilgreindir sem hluti opinberra geirans eru ekki lengur hluti af peningamagn þar sem innlán ríkissjóðs teljast ekki til peningamagns samkvæmt aðferðafræðistöðlum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem Seðlabankinn fylgir. Til að leiðrétta fyrir brotthvarfi þessara aðila í peningamagninu eru innlán þeirra dregin frá útreiknuðu peningamagninu aftur til ársins 2008.

Vítt peningamagn (M3 og M3+) er birt mánaðarlega í [Hagtölum Seðlabankans](#).